Pegar tímaritið fór í prentvélina, hafði það verið gert herum kunnugt, að Sinfóniuhljómsveitin, er tvö síðustu árin var kennd við Ríkisútværpið, hefði verið lögð ~~úvv~~ niður. Útvarpsstjórninn, Vilhjálmur P. Gíslason, sagði hljóðfæraaleikurum sveitarinnar flestum upp störfum frá 1. okt. s.l., en óró svo úr störfum annarra, að þeir annast ekki lengur annan tónlistarflutning í útvarpið en hina vikulegu mánudagstónleika útvarphljómsveitarinnar, sem margir mundu þó ~~hefugtigæðcencver~~ helzt hefa viljað án vera. Öll starfsemi Sinfóniuhljómsveitarinnar hefir legið niðri fífá 1. okt. og engar tilraunir gerðar til að halda henni saman, enda eru hljóðfæraaleikararnir orðnir dreifðir við önnur störf út um allar porpagrundir.

Pessi endalok Sinfóníhljómsveitarinnar eru meiri sorgartíðindi en svo, að eftirmali hennar verði rituð meðan prentvélin bíður. En ekki verður hjá því komist að geta nú begar nokkura staðreynda, eins fyrir því þó vænta megi að síðar verði nánar vikið að ýmsum atriðum bessa máls hér í ritinu.

Það er vitað, að það var útvarpsstjórninn, Vilhjálmur P. Gáslason, sem ákvað uppá eindæmi að hljómsveitin hætti störfum. Menntamálaráðherra og tónlistarstjóri útvarpsins voru ekki spurðir um álit sitt á þeirri djörfu á kvörðun. Þvert á móti hafði menntamálaráðherra þegar á sl. **XIX** sumri gert ráðastafanir til að búa sveitinni varanlegan starfsgrundvöll og skipað nefnd til að starfa að því máli. Útvarpsstóri átti meðal annarra seti í nefndinni. Þó let hann í lengstu lög undan dragast að leita samþykkis útvarpsráðs á þeirri lausn málsins, er ráðherra sjálfur benti á eftir tællögum nefndarinnar, og kiknaði loks með öllu á framkvæmdum, eftir að samþykki ráðsins var fengið.

Útvarpsstjóri hefir engar skýringar gefið á þessu athæfi s-inu, fyrr en 22. nóv. sl., er hann ritar í Morgunblaðið greinargerð, sem að vísu forðast gaumgæfilega kjarna málssins, en bregður bó allskýru ljósi á raunverulegan menningaráhuga höfundarins. Væri full ástaða til þess að birta hér alla greinina til viðvörunar, en þess er ekki kostur að sinni. Uppistaða hennar er ekki annað en mjög lævísleg blekkingatilraun, sem þessi virðulegi embættismaður ber fram í því skyni einu að freista að koma af sér því ódædi, að hafa vísvitandi orðið banamaður þessarar merkú stofnunar, sem tónlistarmenn hafa byggt upp á aldaarfjórðungi með sameinuðu átaki undir forustu ~~vætvæt~~ tveggja úr höpi mætustu menntamanna þjóðarinnar, dr. Páls Ísólfssonar og Björns Ólagssonar. Má hér glöggj marka manngildismun þeirra, sem upp byggja og hins er niður fífur.

Pó kastar fyrst tólfunum, begar þessi óvenjulegi menningarfrömuður tekur að mála fjandann á vegginn, vara við hve dýrt sé að halda uppi menningu. En Vilhjálmur P. Gíslason segir orðrétt: "Útvarpinu hefir aldrei borið nein skylda til þess að reka sinfóníuhljómsveit."

Ekki mun þó, sem betur fer, ástæða til að örvernta um endurreisn hljómsveitarinnar. Menntamálaraðherra hefir enn á ný, eftir uppgjöf útvarpsstjórans, beitt sér fyrir því að leitað verði að nýju starfsgrundvelli fyrir hljómsveitina, og er það von og trú allra vina hennar, að hún taki brátt til starfa að nýju, leyst undan dauðri hendi beirra neikvæðu manna, er reikna menningu til útgjalda, án þess að eiga nafn á því sem hún gefur í aðra nönd.

Er ekki óviðeigandi að rifja upp í þessu sambandi orð Matthíasar Jochumssonar, er um það var rætt að endurreisa hinn forna Hólaskóla. Þegar skáldið hafði reifað malið og bent á ýmsa erfiðleika, bætti hann við: "Um peningarmálin tala ég nú ekki, þau eru nú bara hégómi."

R. J.

R. J.
by three fair fair naked
herrman. By hennu fram persu-hil
shortunings, allt seu ötar leksi usit sagl (Sun)

af vestri fróðgæpi og kálmungsleit
inn fessi lífi. Minn þot að efta að a
sinsdæli s' vistr-uráld, at eim
áhvopssþróg gauð fram fyrri
stygðlu og leysj eftir ósinn
ófáum at áhvop, leiri
eigin stygðla til at hálfa
opp meiniðgi.

Reykjavík, 11. desember 1950.

Háttvirti herra,

Eg vil hér með fara yður
mínar beztu bakkir fyrir hina ágætu
gjöf, er þér senduð mér myndlistar-
bækur þar, er þér hafið gefið út allar
bundnar í einu lagi og bók Kjarvals
sérstaklega.

Óparft er að segja yður hví-
lík prýði er að bókum þessum og met ég
þó enn meira hug þann, er að baki gjöf-
inni stendur.

Með beztu kveðjum,

yðar einlagur,

Herra E. Ragnar Jónsson,
c/o Helgafell,
Reykjavík.

Herra Kristján Jónsson,
c/o Helgafell,
Reykjavík.

þelgafell

E. RAGNAR JÓNSSON . UNUHÚSI, GARÐASTRÆTI 17

Reykjavík 27.lo. 51
(Iceland)


Hr. utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k.

Næstkomandi þriðjudag verað næstu sinfóniutónleikar okkar í þjóðleikhúsini, undir stjórn norska hljómsveitarstjórans Olav Kjekland. Fyrir rúum 20 árum réðumst við í það nokkrir menn að koma hér á fór viði að Tónlistarskóla. Fyrir okkur vakti að gefa eskufólk á Íslandi kost að ső læra á hljóðfari, eins og hjá öðrum menningarpjóðum, til þess að það yrði síðar heft til þess að kynna þjóð sinni hinum fögru tónbókmennitir heimsins. Það kann að mega kallast grobb er ég segi yður frá því að okkur finst við hafa lagt talsvert að okkur til þess að halda lífinu í skólanum og við teljum það ekki eftir. Þótt örlati ýmsra við stofnunina hafi verið undravert höfum við að sjálfsögðu mætt hörbú hjá öðrum. En minnugir þeirrar staðreyndar að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman, og ekki síður hins að þátttaka í liststarfi eykur lífsgleði, starfsemi og ábirkartilfinningu, munum við ekki fremur gefast upp við þetta starf en annað það, sem við tökum okkur fyrir hendur.

En enginn vinnur neitt starf af fullkominni óeigingirni. Okkur langar til þess að sjá áangur af starfi okkar. Okkar 20 ára gamli dramur um sinfóniusveit í Reykjavík er nú fyrst að rætast. Ná ég biðja yður að sýna okkur þá vinsemdu að vera viðstaddir tonleika sveitarinnar næstkomandi þriðjudag, árangurinn af 20 ára starfi Tónlistarskólans. Ég vil ekki leyna yður því að sveitin mun ekki geta starfað nema Alþingi ljai henni stuðning og hefi ég mikinn áhuga fyrir að leggja fyrir yður tillögur mínar ef þér hefðuð einhvern næstu daga til þess að hlusta á míg í fáar mínútur. Ég væri yður mjög þakklátur ef þér vilduð vera viðstaddir tonleikana svo þer getið með eigin eyrum dæmt um hvort starfið hefir borið árangur og hvort þér telið það þess virði að styðja það.

Ég vona að þér reiknið mér ekki til óburteisi þótt ég skrifí yður svo opinskátt hug minn um mitt hjartans mal.

Yðar einl.



Ég hefi sent yður miða á 9. bekk í salnum, sem mér finst beztu sætin. Ef það kysuð fremur að sitja á miðsvölum, hefi ég einnig tekið frá miða þar og mun skifta ef þér óskið.

HELGAFELL



RAGNAR JÖNSSON · UNUHÚS REYKJAVÍK ÍSLAND

Góði vin,-

Það má kanske segja að hina stærri listmenn okkar muni ekki mikil
um það þó þeir fylgi ekki örnum í peningalegri viðurkenningu, en
þeir líta nú örurvísi á málið. Í fyrsta lagi þurfa þeir flestir á
sínu að halda, en sérstaklega slær það þá illa ef þeir allt í einu
eiga að fara að dragast aftur úr. Kanske verða þá engir óðir en einmitt
bessir menn.

Ég held að það sé mikilsvert og mjög lýsingarmikil fyrir okkur
að bessir menn haldi sínum hlut, og byrfti lá að hækka þá að minnsta
kosti í 150.000.00. Þó einn og einn kvarti yfir listamannadekri sjálfs-
stæðismanna, munar um þá begar útí hríðina er komið.

Ég held að Sjálfstæðismenn ættu að ganga fram fyrir skjöldu að
fá listmannalaunin hækkuð verulega, og ekki minna en um 50 %.

Ég freysti þér okkar allra vegna og ekki síst flokksins okkar
að fylgja bessu réttlætismáli.

Finn einl.

Ragnar

Hr. rithöf. Gunnar Gunnarsson,-

Hérmeð leyfi ég mér að bjóða yður vegna hinsv væntanlega bókmennatafélags eftirtaldar bækur:

Norræn málaralist, 40 heilsíðu litprentuð málverk eftir 8 bekktustu málara hvers af Norðurlöndunum nema Íslands, sem hefir myndir eftir 4 málara, Asgrím Jónsson, Kjarval, Jón Stefánsson og Guðmund Thorsteinsson, og tvær eftir hvern. Færustu menn á vegum nákkisúfvarpa landanna hafa látið velja myndirnar og sett menn til að skrifa um málaralist landanna. Fyrir Íslands hönd skrifar Bj. Th. Bj. Nær hundrað mynda eru prentaðar í einum lit og texti er alls um 990 bls. Til þessarar útgáfu er upphaflega stofnað af útvarpsstöðvum Norðurlandanna og hafa þær í sareiningu látið prenta allar litmyndirnar hjá J.H. Schultz í Höfn, sem var talinn gera það best. Er við tókumst á hendur að annast útgáfuna fyrir Ís ands hönd var því lofað af útvarþinu að láta flytja í útvarpið fyrirlestra um myndlist, sem beinlinis væru byggðir á þessum bókum. Verð á hverri bók hér hjá mér verður 150,00, en ég get afgreitt til yðar eftir hendinni bækurnar fyrir 43.00 stk. í kápu og er verðið ekki miðað við neinn sérstakan eintakafjölda.

Ísland. Þók þessi verður gefinn út af bókaforlaginu Hans Reich í München og kemur út samtímis þar og hér. Helgafell og Ferðaskrifstofa ríkisins standa að útgáfunni með Hanns Reich og hafa keypt alls 6000 eintök. Erum við fúsir til að leyfa yður að ganga inní ðammingana þannig að þér getið fengið eins mikið af bókinni og þér óskið beint frá firmanú á innkaupsverði, sem er DM.12.91 miðað við að tekin séu alls 6000 eintök en lækkar fíttihvað við hvert þúsund sem upplagið er aukið. Ef þér gengjuð inní samninga þannig að þér fengjuð handa yðar abonnementum bókin á innkaupsverði, má nálægt 50,00 mundum við þó ekki geta selt sjálfir yfir 4000 eintök alls og verðlækkun frá 12.91 kæmi fyrst til greina ef þér fengjuð meira en 2000 eintök. Ísland verður með 16 heilsíðulitmyndum og litprentaðri kápu og 60 síður í svörtu, auk texta. Sigurður Þórarinsson hefir skrifað textann fyrir okkur og Bj. Th. fyrir málverkabókinni og gæti félagið að sjálfsoðum fengið eigin formála fyrir sínum ðagum ef það óskar þess fremur, eða fengið þessum formálum breytt eftir því sem það óskaði.

Að bókinn Ísland er nokkur kostnaður hér, formálinn, kostnaður við ferð og dvöl Hans Reich hér og Frú Fitze, þó ekki yfir 1,50 - 2,00 á bók. Bókin Ísland er einungsi til bundið, en verð óbundið eintök mundi hæfilegt að miða við 36 - 38.00.

I einlægni sagt. Ritgerðasafn eftir Kristján Albertsson, tæplega 20 arka bók. Kristján mun fara fram á 20,000,00 ritlaun, að öðru leyti er bókin reiknuð á verði prentsmiðjunnar og upplag eftir óskum, og prentað ef óskað er eftir hendinni. Þókin er tilbúin til prentunar, fullsett og leiðrétt í 4. próförk. I ritgerðasafni K.A. eru meðal annars mjög merlileg bréfaviðskifti hans og Halldóðs Laxness, sem útaf fyrir sig gero bókina mjög gírnileg.

Með virðingu

Ragnar Þórsson

KKV.

1314 - 8207

Hr, menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson,-

Ég var svo óheppinn að fá fyrir tveim vikum allslæma liðagigt og verðað halda mig í rúminu stuttan tíma enn.

Hjálagt sendi ég yður bréf það er eg minntist á við yður, raunar ekki eins ítarlegt og ég hafði talað um en að nánar athuguðu máli bótti okkur ekki rétt að blanda Sinfoníuhljómsvætitinni og tónlist í Þjóðleikhúsínu inn-i þetta mál á þessu stigi. Það sem allt veltur á að mínu áliti er að fá tónlistina viðurkennda sem eina af "nagðsynjam" þjóðfélagsins og fulltrúa hennar tekna gilda. Þetta mun líka vafalaust geta komið af stað nægu umróti þó lengra sé ekki gengið.

Við höfum athugað mjög gaumgæfilega tillögur okkar um tollana á hljóðfæri og óttumst ekki að það valdi miklum deilum, hinsvegar er ljóst að nokkur úlfabýtur verður útaf tollum á bókum og tímaritum. En þess ber að gæta að öll menningarstarfsemi er sköttuð hér, þar á meðal konsertar og leiksýningar og hitt er þó stærra atriði að íslenzk bókaframleiðsla er allhátt tolluð beint og óbeint og nemur það kanske mestu fyrir útgefendur að verða að kaupa efni frá ákveðnum löndum þar sem það það er dýrara og óhentugra, en bækur eru algerlega frjálsar. Ég er auk þess mjög kunnugur innflutningi bóka og tímariti sem einn stærsti innflytjandinn og er reynslan síú að aðalinnflutningurinn eru ómerkilegir reyfarar og tímaritarusl sem svarar til þess sem hér er talað um að banna innanlands og ætti að banna ef til vill. Þó höfum við eftir því sem við verður komið^{þeynt} að verjast því versta og raunar flestir innflytjendur hér.

Ég treysti yður til að leggja yður fram þessu máli til stuðnings. Okkur finnst öllum að Páll Ísólfsson sem í nærri 15 ár vann kauplaust fyrir skólann ætti það skilið að fá nokkra viðurkenningu fyrir sitt mikla starf, sem margir hafa reynt að gera lítið er. og ég held að ekki verði um það deilt að þessi stofnum hafi unnið hér mikið, og merkilegt menningarstarf og ætti skilið að fá betur notið sín í framtíðinni.

Yðar einl.

Ragnar Jónsson

7./2. 56

Kæri Bjarni Benediktsson,-


Okkur bykir öllum vænt um að þú ert aftur kominn heim. Á meðan þú varst fjarverandi höfum við skoðað meginíð af þeim, einkum eldri myndum, sem til eru í einkaeign viðsvegar um bæinn, höfum farið í yfir 150 hús. Myndirnar eru nú allar komnar á safnið og höfum við tekið við þeim öllum persónulega og merkt þær á staðnum. Í kvöld eða um miðjan dag á morgun munum við hafa raðað þeim öllum og er þá aðeins eftir að hengja þær upp. Við höfum komið okkur saman um að fara þess einðregið að leit við menntamálaráðherra að hann skrifi ávarp í myndaskrána, það mætti vera langt ef þu tekur ástæðu til, en byrfti ekki að vera það. Við munum í dag eða á morgun velja myndir í skrána og fara með þær til ljósmyndunar.

Ásgrímur mætlist eindregið til að mega velja annan málara með Jóni Þorleifssyni til þess að velja og raða myndunum og töldum við að það undi ekki talið óeðlilegt enda mjög stutt af okkur. Hann óskaði að fá Gunnlaug Scheving og varð hann við þeirri beiðni. Ég tel hann færastan allra manna til að velja myndir Ásgríms. Við teljum rétt að það komi fram í skfanni að röðun myndanna og val sé á áborgð Jóns Þorleifssonar og Scheving, hinsvegar munum við Kristjan Eldjarn fara yfir allt og líta eftir öllu og enginn eyfir verður greiddur nema við skrifum báðir uppá.

Ekkert verður því til fyrirstöðu að sýningin verði þppnuð

18. þ.m.

Pinn einl.



Einkabréf til stjórnálsleiðtogans Bjarna Benediktssonar.

Mér hefir oft verið borið það á brýn af vinstrisinnuðum kunningjum mínum að ég hafi snúist á sveif með íhaldssinnuðum stjórnálaönnum af heigulshætti einum. Ýmisst með þeim rökum, að ég hafi talið það öruggara til þess að tryggja mér ríkmannlega afkomu að halda mig réttu megin í pólitíkinni og eiga greiðan aðgang að lánsstofnunum, innflutningsyfirköldum og öðrum megtarmönnum þjóðfél., eða ég hafi ekki þorað annað vegna skulda við bankana. Hvorttveggja er alrangt. Þau fyrirtæki, sem eru í og eru undir smásjá stjórnála- og fjármálaþenna, kvíkmyndahús, smjörlíkisverksmiðjur ofl. eru ekki í neinni slíkri hattu frá "auðvaldinu". Það væri t.d. mikill gróði fyrir mig að selja hlutina í mínum fyrirtækjum á matsverði til ríkis eða einstaklinga, og ég mundi gera það hiklaust, ef ég hefði stofnað fyrirtæki eða rekí þau til þess eins að grða fé. En ég hefi aldrei beitt mér fyrir neinu í því skyni, og kanske einmitt af þeiri ástæðu orðið ríkur og hamingjusamur en ekki bræll peninga eða munðar. Ástæðan fyrir því að ég sel þau ekki og nota fél til þess að greiða skuldir og njóta lífsins, er sú, að mér er míni stjórnálaþaskoðun, eins og annað í líffskoðun minni á hverjun tíma sannferingarátríði en ekki verzlunarvara. Ég beitti mér á sínum tíma fyrir stofnun Austurbæjarbiós með nokkrum kunningjum mínum í því augnamiði einu, að koma hér upp húsi, þar sem hegt væri að halda hljóMLEIKA, og ég afhenti félaga mínum hlut minn þar í skiftum fyrir eignir hans í Helgafelli, þó ég vissi vel að kvíkmyndahúsið mundi skila mér á næstu árum miljónum króna í grða, en hitt heimtaði mikið strit, áhyggjur og erfiði, en gafi mér lifshamingju -i stað grða. Huk þess féll mér þungt að eiga hlut í kvíkmyndahúsi, sem ég óttast og óttast enn að verði notað jöfnum höndum til þess að afmennta fólk og spilla því og í þágú mannanna. Skuldir mínar við banka eru hlægilega litlar í samanburði við eignir, og er ég að hugsa um að gera það til hreilingar nokkrum mönnum, að losa mig við þær allar á næstu tveimur árum, enda þótt eg viti af sárri reynslu, að það er síður en svo til að afla mér trausts, heldur þvert á móti. Að ég fylgi sjálfstæðisflokknum að málum er ekki af gróðalöngun, ekki af ótta við banka eða lánsstofnanir og ekki til að snobba fyrir finum mönnum og valdumönnum. Ég fylgi honum af því að þar ríkir ~~xxix~~
~~xxx~~ í svipinn mest stjórnálafreisi og frjálslyndi yfirleitt, en fyrst og fremst þó að því að mér er það sannferingarátríði og hefir lengi verið, að sosialismi, kóóperatívismi og annað svokallað vinstri brölt, sé ófrjó stjórnálastefna og tímabundin er leiði til seigdrepandi glótunar. Þó jafnaðarhugsjón sósialismans og samstarfs-hugmyndir samvinnustefnunrar hafi komið mör gum græðandi plástrum á ýmsar meinsemadir auðvaldsskipulagsins, og muni gera áfram, er það þó hinn skapandi einstaklingur, sem á frumkvæðið að öllum hlutum. Það er jafnvonlaust að búa til athafnamann eða vísindamann og ritthöfund eða litameistara. Náttúran ein feykir slíkum fyrirbærum inní mannhheiminn, þralkar þau í þágu lífsins og mannkynsins, og ber á þeim alla ábirgð. Hinsvegar verður ekki hjá því komist að griða til þessara plástra, fremur enn við komumst hjá að beita sterkum með-ölum, hnífum og eitri, til þess að lína bjánningar einstaklingsins, er vissir líkamshlutar sýkjast eða fara úr fúnksjón. En góður læknir kapkostar fyrst og fremst að verja sárin fyrir árásum nýrra smitþéra og leyfir þeim síðan að grða af sjálfu sér, en tekur plástrana burt er sárið er gróði, og aður en drep kemur undir þá utan við hinn sýkta blett. Það eru aftur á móti kallaðir vondir leknar, sem láta það eftir sjúklingum sínum að flýta svo myög fyrir að þeir komist á fætur, að þeir græði eitt sár með því að opna annað. Annars er búið að ganga svo fram af þessari þjóð með skattaa-lögum að sá macur mun vart til, sem ekki mundi t.d. telja sér stórhæg í því að afhenda S.I.S. (sem í svipinn er í líkri aðstöðu hér og kommunistafhökksar Póllands, Tékkíu og Ungverjalandi voru aður

en heir gleyptu bar síðasta bitann) allar eignir sinar og skuldir og gerast bar deildarstjórar, ef heir hefðu ekki samvisku, sem bannaði heim að selja framtíð barna sinna í hendur heirra, sem við ekki trúum á, svo ég taki ekki dýpra í árinni.

Nú sé ég fyrir mér andhit, sem sprýr hvað þessi formáli eigi eiginlega að þýða, hvað búi undir bessu sjálfshóli, og ég er tilbúinn með framhaldid, og það er því miður beinlínis fyrirlitlegt mónt um eigin afrek-vottur af geðbilun. Pagar ég, með því að taka á mig mikla fjárhagsáhettu, kom fyrir nokkrum árum í veg fyrir það að S.I.S sem boðið hafði stórfé í verk nokkurra af beztu rithöfundum okkar, næði þeim undir sinn dauða hránum, vakti aðeins tvennt fyrir mér, að sporna við því að beztu og ástsælustu skáld okkar yrðu gerð að fjósa-meisturum Vilhjálms Þór um alla framtíð, og n-um tvö, til þess að koma í veg fyrir að nöfn Gunnars, Davíðs og annarra öndvegisskálda okkar yrðu motuð til þess að auks hróður Fransóknarflokksins. Pagar ég kom í veg fyrir að V. Þór, sem bauð Ásgrími Jónssyni gull og græna skóga, næði í verk hans og Kjarvalé til útgáfu og til dýrðar sér og sveitamennskunni á Íslandi, vakti fyrir mér það sama. Ég hafði að vísu fyrir löngu ákveðið að gefa út verk þessara manna og annarra okkar beztu málara, meðal annars rétt oft um það við Einar Jónsson, en þegar V. Þór kom og sótti fast að fá þau var ég illa undir það búinn og hefði ekki gerið það kleift ef Kiddi hefði ekki komið mér til hjálpar. Útgáfa nálverkabókanna kostaði mikið á aðra miljón krónur og virtist þá ekki vera líklegt fyrirteki. Ég missti af Einar Jónssyni í hndur S.I.S. af því að ég hafði ekki aflu til þess að byrja á verkinu samtímis verkum hinna briggja. Einar var orðinn leiður að bíða og staðfestunni eða ábirögartilfinningunni hjá aðstanda endum hans, flokksbreðrum okkar, var ekki fyrir að fara. Þar var metið meira að halda gistivináttu V. Þór en halda á lofti heiðri skáldsins. Þat að okkar útgafur má margt setja. Pagar við byrjuðum á þessari útgáfu vantaði okkur þaði fé og bekkingu. Útgáfa S.I.S. á E. J. er í anda beirra uppskufninga, sem komist hafa yfir mikið fé en kunnst ekki með að fara. Það er hlegið að svona útgáfu hjá menntuðu fólk og í Svíþjóð bar sem hún var til sölu var skrifaað um hana ~~xxxxxx~~ í vorkunnartón og fyrirlitningu ~~ai~~.

Pagar ég réðist í það fyrir fimm árum að kaupa Menningar - og fræðslusamband albýðu, sem hefir nú kostað mig um 1/4 úr miljón, var það gert til þess að ná því úr höndum V. Þór, sem beið eftir að hremma það eins og Íslendingasagnauftafuna og R. Blöndal. Í dag veri hann búinn að ljúka því verki, sem Alæmna bókafélagið er að undirbúa, ef félagið hefði lent í höndum þans. Ég atla ekki að breyta þig með frekari upptalningu. Og til þess að reyna að koma í veg fyrir að þú misskiljir mig og fáir að óþörfu rangar hugsyndir um það, sem fyrir mér vakir með þessum skrifum, vil ég beta hér nokkrum örðum við penne an inngang minn. Það vakir ekki fyrir mér að biðja þig að fera mér pakkir fyrir hönd flokksins okkar. Ánægjan yfir því að verða góðu ámalefni að liði er mér meira en næg borgun. Ég atla ekki að fara ~~a~~ að biðja þig um bitling eða stuðning til eins eða neins. Ég atla ekki að gerast stjórnálaður eða opinber áhrifamaður. Ég hefi allt sem ég óska mér að eiga, fjármuni og ~~xx~~ góða heilsu. Ég er óhátið-lefur maður og lifi fábreyttu lífi til þess að vera engum háður. Ég er ekki að grobba hér fyrir framan mikinn valdaman til þess að auglysa sjálfan mig. Ég mundi flytja strax á dag uppi sveit, ef ég óttadist ekki að vinir míni og malefni beirra byrftu á mér að halda. En ég skal lofa þér því að ég sunn alreiði biðja þig um neitt fyrir sjálfan mig, ekki svo mikið sem lóð undir hús eða leyfi fyrir bíl. Ástæðan fyrir því að ég hefi skrifaað þér niðurlægjandi lýsingu á verkum mínum er sú að mér er ekki saga um það hvað hér verður ofaná í pólitík og menningarsálu, og ég veit að það er engum til gagns, kanske meira ólán en þú veist, ef við tveir treystum ekki hvor örðum, og ég neita því að hafa gefið bér hið allra winnsta tilefni til þessa að tortryggja mig, eins og ég hlýt að álykta að þú gerir.

Og nú sný ég með að sögu minni, langri sorgarsögu, sem eг skal reyna að gera eins stutta og unnt er.

Pegar ég 12 ára gamall sat yfir ám austur á Loftsstaðanýrum, heyrði ég oft segnum sögurnar, sem ég var að lesa, bytinn af glæsilegum stórmennum, sem riðu um sveitir Árnessýslu með miklu yfirlæti, skartbánir og blikasíða ístöð og höfuðbúning hestanna og gullbúnar svipur. Jóreykurinn steig til himins eins og mökkur frá Heklugosi, því í hópnun voru allir beztu geðingarnir úr mörgum sveitum og æfðir reiðmenn, sem láttu gammann geysa. Ýfirreiðin var gerð til þess að imponera stórmenna sveitanna, enda snerist allt tal um þessa glæsilegu menn og voru þeim haldnar veislur og aliklínun slátræð þeim til dýrðar á hverjum þeim. Þeir höfðu sjálffir meðferðis óþekkt svo allir mettu verða glædir við komu þeirra. En ferðir þeirra höfðu viðast óþaiglegan eftirmála. Víxill, sem hinir vínglöðu bandur höfðu skrifsdó nafn sitt á til heiðurs gestinum, ságði til sín í fyllingu-tímans. Ég var stundum í förum með húsbondum mínum til kirkju í Gaulverjabæ, og er mér einna minnisstæðastur sá atburður, er verið var að járna þar einn gæðing húsbondans gegnt kirkjudyrnum og fór sú athöfn fram með þeim hætti að hesturinn var settur í bönd og lagður niður á hlaðið. Mun sú ~~þóf~~ hafa verið viðhöfð til þess að sýna kirkjugestum að skeifu verði líka komið undir þér skeppnur, sem ekki láta járna sig með góðu. Húsbondinn horfði á og var klæddur glæsilegum reiðfötum og gljáandi leður/stígvelum með sporum. Seinna kynntist ég þessum glæsimenni heima á Eyrarbakka og fekk að heyra hjá föður mínum, sem þar var hreppstjóri, allan sannleikann um hann og félaga hans. Síðan hefi ég alltaf verið haldinn dálitlu ofnami fyrir allri glæsimennsku. Þó hafði ég þá engan grun um að ég ætti síðar í lífinu eftir að mata þessu sama "glæsimenni" svo að segja hvar sem ég fór. ~~xixxxgxmrrtrr~~. "Glæsimennið" sem reið um hérud Árnessýslu Björn Gíslason, stórvindlarinn frægi, er af sumum talinn að hafa komið öðlingnum Sigurði Ólafssyni, ~~íxgríxi~~ sýslumanni okkar og vini í gröfina. Ég hefi hinsvegar strengt þess heit að reyna að koma í veg fyrir að bróðursonur hans, sem erft hefir marga "hæfileika" frænda síns, komi nokkrum vinum mínum sömu leiðina. En hann er þegar vel á veg kominn að sliga þá til dauða.

Fyrir aldarfjórðungi tókum við nokkrir ungir menn höndum saman við Pál Ísólfsson og fleiri listamenn og komum hér á fót skóla í tónlist með þeim framtíðarfyrirretlunum, eins og þú var komist að orði, að ala hér upp góða tónlistaráheyrendur og kenna ungum mönnum á hljóðfæri og stofna síðan vísi að hljómsveit. Ég þarf ekki að rekja þessa sögu hér, enda hefi ég prentað hana annárs staðar. Það er svo með fyrirtæki af þessari tegund, líkt og smáskóla af venjulegum *taapí*, sem smáum saman hefir vaxið uppi fjölmennan háskóla eða sjúkraðanlag, sem upphaflega er einföld samtrygging nokkurra manna, en er óður en að er gáð orðin að samtryggingum þúsundanna og líftrygging. Einn góðan veðurdag stendur maður andspenis óviðráðanlegu fyrirtæki, sem annaðhvort er dæmt til að deyja í höndum manns, eða það verður að hlaupa á næstir ríkisins til bjargar, vegna þess að það er svo erfitt að standa í stað. Það sem við kepptum að, sem fyrsta stóra áfanganum á leið okkar, var að hafa komið hér á fót fullskipaðri sinfóníuhljómsveit á 25 ára afmali skólans og félagsins, sem að honum stóð. Þessu marki var reyndar náð aðeins fyr, en þó kom á daginn að betra hefði verið að doka órlítið við, en ekki þúðir að sakast um orðinn hlut. Fyrir tveimur árum reyndist ókleift að fléyta fyrirtakinu lengur áfram vegna andstöðu tveggja manna, Vilhjálms b. Gíslasonar útværpsstjóra og Vilhj. P. Gíslasoni formanns ~~bjó~~ leikhúsréðs. Ég sleppi aðalfíflinu í sjónleiknum, Guðl. Rósinkranz, vegna þess að hann halut alltaf að vera leiksoppur í hendi formanns ráðsins og útværpsstjórans, sem hafði raunverulega öll völdin, ef hann kaus.

að beita þeim. Þáverandi menntamálaráðherra og fjármálaráðherra veittu fyrirtækinu hinsvegar alla fyrirgreiðslu, sem þeir gátu, og er það sama að segja um borgarstjórnann.

Það kann að orsakast af einhverjum sjúkleika í sál minni eftir gamlan draugagang heima í sveit, sem sagt er frá hér að framan, að mér sýndist ég alltaf sjá bregða fyrir úlfshaus Björns Gíslasonar í músikdeilinni frægu, enda er mér það ekkert launungarmál að ég tel V.P.G. upphaf og endi þeirrar deilu.

Viðskifti okkar V.P.G. mun ég ekki rekja hér. Ég mun á sínum tíma gera upp reikninginn við hann eins og mér finnst við eiga. ~~Fyrstxumarsíðin~~ Eg mun aldrei framar eiga tal við þann mann um neitt það sem mér er ekki alveg sama um. Og mjög tel ég vafasamt ~~xix~~ hvort betra sé að hljómsveitin deyi nú alveg eða smálognist útaf undan ofurbunga hins andlega steindauða V.P.G.

En mér er sannarlega ekki rótt fyrir brjósti þessa dagana, þegar hljómsveitarmennir eru hver af öðrum að leita sér atvinnu. Óinn ekur setuliðsbíl í Keflavík, annar er kominn í steypuvinnu og þar fram eftir götunum. Peir sem ríkasta hafa ábírgðartilfinninguna svelta meðan þeir halda það út eða slá sér lán í bili í þeirri von að úr rætist. Það hefir sýnt sig á þessum miklu uppgangstímum, hefir tuttugu og fimm ára blöðugt menningarstarf verið umnið algerlega fyrir gýg. Ég finn ekki til sársauka nín vegna ~~xix~~ finn sárást til vegna þeirra manna, sem í áratugi hafa ~~xix~~ spilað í sveitinni og stjórnað henni, algerlega endurgjaldslaust, að verða að gefast upp þegar vitað er að björgunarliðið er örskammt undan. Þessir menn, sem V.P.G. hefir svívirt með að slík dæmi finnast ekki í sögunni, nema leitað sé aldir aftur í tímann, munu ekki gefast upp. Peir munu haga sér eins og maður sem hefir miðt heimili og hús feldsvoða, grafa fyrir n-yjum grunni og leggja Stein við Stein á löngum tíma eftir því sem efni og ástæður leyfa.

Ef ekki byrfti að taka tillit til annarra en okkar, væri hér um einfalt mál að reða. En sinfóníuhljómsveit og óperuhús eru ekki stofnanir, sem við eignum einir að njóta. Þær eru brátt fyrir allt orðnar að þeim uppsprettulindum, sem fjöldi manns getur ekki án lifað. Að leggja slika stofnun niður einmitt núna mun innan skamms hafa svipuð áhrif og að skera í sundur æðina, sem liggur til þejarins úr Gvendarbrunnunum, og segja fólk i að nota rigningarvatn í matinn. Ég hefi neitað blöðum um allar upplýsingar um það hvernig malum er komið vegna þess að ég hefi beðið eftir því að menntamálaráðherra, sem sjálfur hefir lýst því yfir að hann væri reiðubúinn að viðurkenna hljómsveitina og afsaka fjárveitingar til hennar gegn órásum þeirra, sem telja hana heimskulegan munað og fjársóun, tæki málið upp á nýjum grundvelli, eðr sýnt er að útvarpsstjóri hefir ekki reynst maður til að standa við það sem hann hefir hafiðlega lofað í viðurivist okkar og fleiri manna.

Ég átti í gær langt viðtal við G. G. Hann sagði réttilega í sambandi við veitingu Nóbelsverðlaunanna, að hann hefði varla komið til greina meðal annars af þeirri ástæðu að hann hefði enga aðstoð fengið frá sínum eigin löndum. Það er gott dæmi um tómlatið í okkar flokki að G. G. var nér óþekktur maður í hópi reykviskra borgara þangað til hann flutti sína frægu Heimdallarræðu, sem sannarlega markaði tímanót í menningarpólítísku viðhorfi. Annar áfanginn er svo stofnun Almenna bókafélagsins, en til dæmis um andvarsaleyri hinna pólitísku samtaka okkar fram til þessa kom varla 1/lo hluti bess fólkis er sótti fyrstu bókmenn takynningu Alm. bókaf. n-ylega bókmenn takynningar er ég stóð að á verkum Gunnars og Davíðs.

Það væri mikil afall fyrir sjálfstæðisflokkinn ef sinfóníuhljómsveitin yrði látin sálast meðan meðtamlaráðherrann er einn af foringjum flokksins. Það verður ekki undan því komist að banamaður hennar, útvarpsstjórin verður dædur á flokkinn, því það vill áreiðsnlega enginn annar flokkur kannast við hann.

Það er að mínum dómi ~~verður~~ siðleysi ef hljómsveitin verður ~~á~~ látin lognast útaf núna. Sagan mun áreiðanlega bletta okkur alla stimpli smánarlegrar uppgjafar og skammsýni. Það er engin afsökun til fyrir því að gefa útværpsstjóra lengri frest til þess að reyna að lóga henni og svívirða okkur, sem að henni höfum staðið. Það verður að taka máli ó uppi að nýju og leggja fyrir Alþingi. Það fær mig enginn til þess að trúá því að það láti sveitina deyja.

Eg hefi í byrjun þessa bréfs eytt miklu rumi til þess að kynna mig fyrir þér. Það hefi ég ekki gert út í bláinn og ekki af neinum hégómaskap. Eg vil ekki að fyritzki, sem mér finnst sjálfbum að hafi undanfarin 25 ár freseur notið míni en það gagnstæða, gjaldi þess nú að ég hefi ekki né félagar mínir traust beirra manna, sem völdin hafa. Eg mun, ef hljómsveitin verður lögo niður, leggju niður formaennsku Tónlistarfélagsins eftir alðarfjórðungs starf og lýsa bannig yfir ósigri mínum og mótmælum gegn beirri smán, sem við höfum orðið að bola í afmælisgjöf. Þá getur V. P.G. vantanlega sofið rólegar á eftir, því mér er vel kunnugt um að hann hefir lengi skoðað mig sem höfuðóvin sinn, þó ekki væri nema vegna þess að ég fyrirlít hann og hefi alltaf gert. Eg vil að minnsta kosti, þó það kosti mig mikla líttilekkun, hafa gefið menntamálaráðherra mínum tækifæri til þess að leita sér upplýsinga um það hvort ég sé í raun og veru venjulegur skemmdarverkamaður, er skilið eigi hirtingu og smán.

Með afsökunarbeiðni.

Ragnar Jénsson

Kari Bjarni Benediktsson,-


Ég frétti reit sifir að ég hafði hriðað hjálagt bréf að þú legir veikur og harma ég þau tíðindi og bið þér fljótrar og góðrar heilsu. Fyrir skömmu frétti ég að þic hefðuð tekið þá ákvörðun að láta myndabokina ekki verða félagsbók og bennti ég framkvæmdastjóranum þá á að það væri óráðlegt. Þá sildist mér þó að petta væri ekki endanlega ákveðið. Nú staðfesti Tómas petta í dag, og þó hér verði ef til vill engu um þokað, úr því sem komið er vildi ég ekki láta undir höfuð leggjast að vekja athygli á því sem ég tel varnugavert. Vinur er sá sem til vamms segir. Ég tel petta miklu alvarlegra en mér tókst að benda á í flýtisbréfi því er eg sendi Alexander, Jóhanni og Birgi. Hér er beinlinis farið útá óneillabraut, að byrja á því að misnota félagsskapinn, hið trausta nafn pitt, Gunnars, Tómasar og Davíðs, til þess að afli fjár í stað þess trausts, sem allt veltur á fyrir þennan félagsskúp, sem á fyrir höndum meira og alvarlegra menningarhlutverk, en ýmisir af okkar ágætu kollegum hafa gerst sér fullkomlega ljóst. Mér hefir í stjórn Mís og menningar, M.F.A. og Tónlistarfélagsins orcið petta á áður, og hefi sopið af því seyðið. Ég tala hér af reynslu. Mér er borið á brýn af þér og öðrum, alveg réttilega að mér verði á að hugsa meira með hjartanu en heilanum. En ég tel mig eina útgefandann á Íslandi fram til þessa dags, og sé ég ekki ástæðu til þess að rökstiðja það hér. Petta nýja félag mun að verulegu leyti taka við af mér og vinna að öðru leyti það sem enginn einstaklingur fer við ráðið, eins og allt er í pottinn búið.

Pú, kari Bjarni Benediktsson, hefir undanfarin ár verið sá klettur, sem lagt hefir verið kapp á að brjóta niður. Öllum ráðum hefir verið beitt í því skyni og er skrípaleikur Magnúsar Kjartanssonar nýlega eitt gott dæmi um síðleysi þinna andstæðinga. Þó nokkrir af listamönnum okkar hafi ýmist í barnaskap eða í pólitísku ofstæki reynt að leggja þeim lið, munu þeir verða fleiri, sem munu tjá þér vináttu og traust. Og það eru menn sem hugsa ekki með heilanum, hafa hjartað með í ráðum. Ég sé nú að það var rétt athugað hjá Birgi að tryggja sér forustu þína í þessu nýja menningarfélagi. En á petta félag má enginn blettur falla, fremur en á félag Jóns Sigurðssonar. Það er ekki nóg að vilja vel. Reynslan ein sker úr um hlutina. Ég veit að þú óttast að ég sé óraunser í mínum ályktunum, en kanske sker framtíðin úr því að hve miklu leyti sú skoðun

ýasra er rétt. En ég tel svo mikil í háfi að bessi nýi félags-skapur njóti trausts, einmitt fyrir stórhug, frjálslyndi og skapandi kraft, að engin þau mistök, sem augljóslega hafa orðið fyrirrennurum hans að falli, mega endurtaka sig þar. Í kjörbóka-flokka mega aðeins koma þær bekur, sem vafí leikur á um að allir óski að fá, en telja verður að eigi erindi til þeirra. Úrvals-óski að fá, en telja verður að eigi erindi til þeirra. Úrvals-óski að fá, en telja verður að eigi erindi til þeirra. Úrvals-óski að fá, en telja verður að eigi erindi til þeirra.

Pinn einal.

Ragnar Jonsson



Kon Björn Benedikts.

þetta & greinið sem ég
halda inn við þig; dog
g-hef mið sent Morquin-
blatinn. Træst þa' at ég
fari ekki rauðt mið af-
skifti þín af málum.

R.J.

að/

Frankvændastjóri Almenna bókafélagsins hefir tjáð mér mikill áhugi sé fyrir því meðal stjórnar og bókmennitaráðs félagsins að láta myndabók H. Reich "Ísland" koma sem kjörbók en ekki félagsbók. Þetta tel ég mjög misráðið og vil ekki láta hjá liða að gera nokkra grein fyrir þeirri skoðun minni.


Af þeim bókum félagsins, sem ráðgerðar eru á forlaginu, er þetta eina bókin, sem telja verður algert nýmeli. Litmyndabók um Ísland hefir aldrei aður komið út, er samþerileg getur talist við þær bækur sem gefnar hafa verið út í öðrum löndum. Þetta er fyrsta fullkomna bókin um Ísland, sem gerð hefir verið. Og þetta er bók sem allur almenningur kann að meta og njóta. Hún er fullkomlega faglega unnin og jafnhæf til sölu hvar sem er í heiminum. Hún hefir mikil auglýsingagildi fyrir land og þjóð. Það fer ekki hjá því að þegar hún kemur út varpar hún nokkrum skugga á aðrar bækur félagsins í bili. Þetta er því rétta bókin til þess að auglýsa félagið meðal almennings, afla því meðlima og trausts þeirra. Félagið má alls ekki missa af þeisari auglýsingu er farið verður af stað til þess að afla því meðlima, en á því veltur famtíð þess að takast megi að ná saman meiri fjölda en þau félög sem fyrir eru, hafa nú. Mistakist það er ver farið en heima setið. Engin af þeim bókum sem félagið áfornar að gefa út mun vekja niett svipað eins mikla og almenna athygli og verða jefnbakklátt verk.

